Stefna gegn mútum og spillingu

Anti-Bribery and Corruption Policy

Icelandic (Original)	English (Translation)
Útgefið: 24. janúar 2025	Published: 24 January 2025
STEFNA GEGN MÚTUM OG SPILLINGU	ANTI-BRIBERY AND CORRUPTION POLICY
Primex ehf. („félagið") hafnar hvers kyns spillingu og mútum. Félagið og starfsmenn þess leggja sig fram um að fylgja gildandi lögum, reglum og viðmiðum um viðskiptasiðferði og stjórnarhætti á hverjum tíma, forðast hagsmunaárekstra og gæta trúnaðar. Hæfilegar og viðeigandi gjafir og skemmtanir eru heimilaðar.	Primex ehf. ("the Company") rejects all forms of corruption and bribery. The Company and its employees strive to comply with applicable laws, regulations, and recognized standards of business ethics and corporate governance at all times, to avoid conflicts of interest, and to maintain confidentiality. Reasonable and appropriate gifts and entertainment are permitted within with antibribery/ anticorruption laws set out by market segment and geography.
Primex skuldbindur sig til að fylgja ávallt gildandi lögum og reglum, sem um starfsemina gilda, ásamt því að fylgja almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum, leiðbeiningum um viðurkennda stjórnarhætti og eigin reglum félagsins.	Primex is committed to always complying with applicable laws and regulations governing its operations, as well as with recognized business ethics standards, corporate governance guidelines, and its own internal rules.
Starfsmönnum ber að forðast að taka ákvarðanir sem skapa hagsmunaárekstra og hafa í heiðri þá reglu að hagsmunir starfsmanna og Primexsins fari saman.	Employees must avoid making decisions that create conflicts of interest and must uphold the principle that the interests of both employees and the Company are aligned.
Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu og ber að gæta fyllsta trúnaðar um allt sem þeir verða áskynja í störfum sínum og snertir viðskiptavini og starfsemi félagsins. Þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Starfsmönnum er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar í ábataskyni, bæði fyrir þá sjálfa og aðra.	Employees are bound by confidentiality and must maintain strict secrecy regarding all information acquired in their work that relates to customers or Company operations. This duty of confidentiality continues after employment ends. Employees may not use confidential information for personal gain or for the benefit of others.
Félagið heimilar að boðnar séu og þegnar hæfilegar og viðeigandi gjafir og skemmtanir í tengslum við eðlileg og lögmæt viðskipti. Óheimilt er að gefa eða þiggja handbært fé.	The Company permits the giving and receiving of reasonable and appropriate gifts and entertainment in connection with legitimate business relationships. It is prohibited to give

Gjafir skulu ávallt vera gefnar í nafni Primex , aldrei má gefa gjafir í leyni. Viðskiptatengdar ákvarðanir mega undir engum kringumstæðum byggja á gjöfum og þær mega ekki leiða til hagsmunaárekstra.

or accept cash. All gifts must be given in the name of Primex and may never be given secretly. Business decisions must not be influenced by gifts or create conflicts of interest.

Primex virðir þann grundvallarrétt sem felst í vernd persónuupplýsinga einstaklinga og mun fylgja eðlilegum viðmiðum á þessu sviði. Primexið er með sérstaka persónuverndarstefnu um hvernig unnið er með persónuupplýsingar innan félagsins.

Primex respects the fundamental right to personal data protection and will adhere to accepted standards in this area. The Company maintains a separate Data Protection Policy that governs the processing of personal data within the organization.

Primex ætlast til þess að birgjar og undirverktakar aðhyllist sömu viðmið og félagið.

Primex expects its suppliers and subcontractors to follow the same principles as the Company.

Allir viðskipta-, vörureikningar og aðrar skrár sem tengjast viðskiptum við þriðja aðila, þ.m.t birgja og viðskiptavini, skal vinna af nákvæmni og heiðarleika. Óheimilt er að halda reikningum utan bókhalds til að liðka fyrir eða leyna óviðeigandi greiðslum.

All business, product, and customer invoices and related records must be prepared with accuracy and integrity. Off-the-book accounts or concealed payments are prohibited.

Peningaþvætti er ferli þar sem aðili felur eða dulbýr tilvist ólöglegra tekna þannig að þær líta út fyrir að vera löglegar. Primex má ekki gera neinum félögum eða einstaklingum kleift að nota félagið til peningaþvættis. Enn fremur mun félagið ekki þiggja ágóða af lögbroti frá félögum, fyrirtækjum og/eða einstaklingum. Starfsmönnum er skylt að hafa samband við næsta yfirmann ef þeir verða varir við kringumstæður sem leiða til gruns um að færsla gæti falið í sér greiðslu eða móttöku hagnaðar sem tengist ólöglegri starfsemi.

Money laundering is the process of concealing or disguising the existence of illegal proceeds so that they appear legitimate. Primex shall not permit any entity or individual to use the Company for money laundering and shall not accept any proceeds from illegal activities. Employees must report to their immediate supervisor if they become aware of circumstances suggesting that a transaction may involve payment or receipt of unlawful proceeds.

Það er persónuleg ábyrgð allra starfsmanna fyrirtækisins að haga sér í samræmi við þá lagalegu staðla og þær takmarkanir sem eiga við um starfsskyldur þeirra, eins og við á, og viðeigandi lög og reglugerðir.

It is the personal responsibility of all employees to act in accordance with the legal standards and limitations applicable to their job duties and relevant laws and regulations.

Ef starfsmenn vilja tilkynna grun um brot á siðareglum þessum eða hafi þeir ástæðu til að ætla að almennt sé ekki farið að lögum og reglum þá ber þeim að ræða við næsta yfirmann. Félagið mun ekki líða hefndaraðgerðir í garð einstaklinga sem í góðri trú tilkynna um raunveruleg brot eða grun um brot.

If employees wish to report a suspected breach of these ethical rules or believe that laws and regulations are not being followed, they must discuss the matter with their immediate supervisor. The Company will not tolerate retaliation against anyone who, in good faith, reports an actual or suspected violation.

Þannig samþykkt þann 23. janúar 2025.

Approved by the Primex Board on 23 January 2025.